



Nr.: 17/2022  
2. september 2022

## Halli á viðskiptajöfnuði 39,1 ma.kr. á öðrum ársfjórðungi 2022 – hrein staða við útlönd jákvæð um 24,7% af landsframleiðslu

Á öðrum ársfjórðungi 2022 var 39,1 ma.kr. halli á viðskiptajöfnuði við útlönd. Það er 5,9 ma.kr. betri niðurstaða en ársfjórðunginn á undan en 6,4 ma.kr. lakari en á sama fjórðungi árið 2021. Halli á vöruskiptajöfnuði var 40,2 ma.kr. en 33,3 ma.kr. afgangur á þjónustujöfnuði.<sup>1</sup> Halli á frumþáttatekjum nam 22,3 ma.kr. og 9,8 ma.kr. á rekstrarframlögum (tafla 1).

Þetta kemur fram í nýbirtum upplýsingum á vef Seðlabanka Íslands sem sýna bráðabirgðayfirlit yfir greiðslujöfnuð við útlönd á öðrum ársfjórðungi 2022 og erlenda stöðu þjóðarbúsins í lok ársfjórðungsins.<sup>2</sup>

Tafla 1. Greiðslujöfnuður (ma.kr.)

	<u>2021/2</u>	<u>2021/3</u>	<u>2021/4</u>	<u>2022/1</u>	<u>2022/2</u>
<b>Viðskiptajöfnuður</b>	<b>-32,8</b>	<b>30,1</b>	<b>-34,2</b>	<b>-45,0</b>	<b>-39,1</b>
Vöruskiptajöfnuður	-55,7	-45,7	-38,3	-31,1	-40,2
Þjónustujöfnuður	23,5	63,7	22,2	-0,5	33,3
Jöfnuður frumþáttatekna	7,5	19,9	-7,5	-4,1	-22,3
Rekstrarframlög, nettó	-8,0	-7,9	-10,6	-9,4	-9,8
<b>Jöfnuður fjárframlaga</b>	<b>-0,7</b>	<b>-0,4</b>	<b>-0,9</b>	<b>-0,8</b>	<b>-0,6</b>
<b>Fjármagnsjöfnuður</b>	<b>3,6</b>	<b>87,4</b>	<b>-51,6</b>	<b>-31,9</b>	<b>-50,9</b>
Bein fjárfesting	21,1	-10,5	-47,1	21,0	-36,2
Verðbréf	27,5	70,8	36,8	-61,5	-24,3
Afleiður	2,6	4,4	4,7	4,6	3,9
Önnur fjárfesting	-61,0	-31,9	-44,1	-1,7	-4,4
Gjaldeyrisforði	13,4	54,7	-1,9	5,6	10,1
<b>Skekkjur og vantalið, nettó</b>	<b>37,0</b>	<b>57,6</b>	<b>-16,6</b>	<b>13,9</b>	<b>-11,2</b>

Lakari niðurstaða viðskiptajafnaðar miðað við sama ársfjórðung árið 2021 skýrist af lakari niðurstöðu frumþáttatekna sem nemur 29,9 ma.kr. Að mestu leyti skýrist það af bættri afkomu fyrirtækja í erlendri eigu sem flokkast undir beina fjárfestingu.<sup>3</sup> Á móti vegur að afgangur af vöruviðskiptum var hagstæðari um sem nemur

<sup>1</sup> Sjá á [vef Hagstofunnar](#).

<sup>2</sup> Sjá töflur um greiðslujöfnuð og erlenda stöðu þjóðarbúsins í talnaefni í Hagtölum á vef Seðlabankans, [www.seðlabanki.is](http://www.seðlabanki.is)

<sup>3</sup> Jákvæð afkoma innlendra fyrirtækja í erlendri eigu mælist sem gjöld í viðskiptajöfnuði.

15,5 ma.kr. og 9,8 ma.kr. af þjónustujöfnuði. Halli á rekstrarframlögum var um 1,8 ma.kr. minni.

Í lok ársfjórðungsins var hrein staða við útlönd jákvæð um 863 ma.kr. eða 24,7% af vergri landsframleiðslu (VLF) og versnaði um 200 ma.kr. eða 5,7% af VLF á fjórðungnum. Erlendar eignir þjóðarbúsins námu 4.600 ma.kr. í lok ársfjórðungsins en skuldir 3.737 ma.kr. Á fjórðungnum lækkaði staðan um 51 ma.kr. vegna fjármagnsviðskipta en erlendar eignir hækkuðu um 43 ma.kr. og skuldir um 94 ma.kr. Virði eigna lækkaði á ársfjórðungnum um 243 ma.kr. vegna gengis- og verðbreytinga og skuldir lækkuðu um 71 ma.kr. Gengis- og verðbreytingar leiddu því til lakari stöðu sem nemur 172 ma.kr. Verð á erlendum verðbréfamörkuðum lækkaði um 16,4% milli fjórðunga og verð á bréfum á innlendum hlutabréfamarkaði um 15,4%. Gengi krónunnar hækkaði um 2,1% miðað við gengisskráningarvog.

**Tafla 2. Breyting á erlendri stöðu þjóðarbúsins á milli ársfjórðunga (ma.kr.)**

	Staða í lok 2022/1	Fjármagns- jöfnuður	Gengis- og verðbreytingar	Aðrar breytingar	Staða í lok 2022/2
<b>Erlendar eignir, alls</b>	<b>4.837</b>	<b>43</b>	<b>-243</b>	<b>-37</b>	<b>4.600</b>
Bein fjárfesting	820	38	-11	-17	830
Verðbréf	2.529	3	-217	-5	2.309
Afleiður*	7	4	-5	0	6
Önnur fjárfesting	601	-12	0	-15	574
Gjaldeyrisforði	880	10	-9	0	881
<b>Erlendar skuldir, alls</b>	<b>3.774</b>	<b>94</b>	<b>-71</b>	<b>-59</b>	<b>3.737</b>
Bein fjárfesting	1.147	74	16	0	1.237
Verðbréf	1.564	27	-91	-4	1.496
Afleiður*	34	0	-4	0	30
Önnur fjárfesting	1.030	-8	8	-55	975
<b>Hrein staða þjóðar- búsins</b>	<b>1.064</b>	<b>-51</b>	<b>-172</b>	<b>22</b>	<b>863</b>
<b>% af VLF</b>	<b>30,4%</b>	<b>-1,5%</b>	<b>-4,9%</b>	<b>0,6%</b>	<b>24,7%</b>

\*Aðrar breytingar eru taldar undir gengis- og verðbreytingum fyrir afleiður.